



Jöklarannsóknafélag Íslands

Fréttabréf

Nr. 20

Febrúar 1988

AÐALFUNDUR

Aðalfundur félagsins verður haldinn að Hótel Lind, Rauðararstíg, mánudaginn 29. febrúar 1988, kl. 20:30.

Dagskrá:

1. Venjuleg aðalfundarstörf.
2. Kaffidrykkja
3. Sýnd verður kvikmynd af skálabyggingunni og vorferðinni 1987.

AÐALFUNDUR

Aðalfundur félagsins verður að þessu sinni mánudaginn 29. febrúar 1988 og haldinn að Hótel Lind við Rauðarárstíg. Samkvæmt lögum félagsins er dagskrá aðalfundar sem hér segir:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
2. Flutt skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins.
3. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar félagsins til samþykktar.
4. Lagabreytingar ef einhverjar eru.
5. Kosning stjórnar og varastjórnar.
6. Kosning endurskoðenda.
7. Önnur mál.

Engar tillögur um lagabreytingar hafa borist stjórn, en þær þurfa að berast fyrir 1. febrúar.

Að loknum aðalfundarstörfum verður sýnd kvikmynd sem tekin var af skálabyggingunni og í vorferðinni 1987. Ferðin í vor var að ýmsu leiti einstök, árangur rannsókna var mjög mikill og gengið var frá nýjum skála í frábæru veðri.

BRÉFAFÉLAGAR

Fréttabréf Jökларannsóknafélagsins berst nú í fyrsta sinn til nokkurra velunnara félagsins. Stjórnin hefur ákveðið að nokkrir gamlir félagar, ferðafélög og velunnarar félagsins verði bréfafélagar og munu þeir framvegis fá fréttabréfin send.

GJÖRFI

Nú er áttunda starfsár gönguklúbbsins GJÖRFI hafið. Fyrsta gangan var að venju fyrsta laugardag í janúar. Næstu göngur verða laugardagana 27/2, 12/3, 26/3 og 9/4. Lagt er að stað frá Nesti Ártúnshöfða kl. 13. Þrátt fyrir lítinn snjó að undanfögnu er reynt að láta göngur ekki falla niður.

SKÁLAR OG LYKLAR

Með hækandi sól eykst straumur ferðalanga inn á hálendið. Jöklarannsóknafélagið á nú níu skála: Kirkjuból við Fjallkirkjuna á austurjaðri Langjökuls, Kverkfjallaskála austan við Hveradalina í norðurjaðri Vatnajökuls, Esjufjallaskála sunnan Lyngbrekkutinds, Goðheima við Goðahnjúka austast á Vatnajökli, SV af Grendli, Breiðárskála vestan Jökulsár á Breiðamerkursandi, Grímsvatnaskála I og II á Svíahnjúk eystri á Vatnajökli og tvo skála í Jökulheimum við Tungnárbotna. Á öllum stöðunum eru opnir skálar, en nýju skálarnir í Jökulheimum og á Svíahnjúk eru læstir. Hægt er að fá þessa skála til afnota eins og alla aðra skála félagsins.

Eftirtaldir menn eru trúnaðarmenn félagsins og geyma þeir lykla, leigja og taka við greiðslu fyrir gistingu í skálum félagsins:

Stefán Bjarnason

Hæðargarði 54

Reykjavík s. 91-37392
vs. 91-686125

Guðmundur Márússon

Útgarði

Varmahlíð s. 95-6127

Vilhelm Ágúst Ágústsson

Stóragarði 16

Akureyri s. 96-23900

Völundur Jóhannesson

Fjarðarhlíð 5

Egilsstöðum s. 97-11315

Birkir Fanndal

Skútuhrauni 14

Reykjahlíð s. 96-44188

Gistigjöldin eru nú kr 350 kr fyrir nótt í læstu skálunum, en kr. 250 í hinum. Þeir sem koma í skálana eru beðnir um að ganga vel um og láta vita ef eitthvað er úr lagi gengið í skálunum.

JÖKULL

Jökull 1987 er nú í lokavinnslu og skammt í að prentun geti hafist. Heftið verður 96 síður eins og í fyrra. Í þessu hefti koma tvær greinar um jarðefnafræði íslenskra

háhitasvæða, Krísuvíkur- og Torfajökulssvæðanna, þar sem Stefán Arnórsson er fyrsti höfundur. Þá er yfirlitsgrein um jarðhitann í Kröflu eftir Halldór Ármannson og fleiri, grein um Ísaldarlok í Borgarfyrði eftir Ólaf Ingólfsson, um grjótjökul á Tröllaskaga eftir E. Martin, frásögn af gönguferð á suðurhluta Vatnajökuls eftir Stefán Bjarnason, jöklabreytingatöflur, snjóflóðatöflur og fleira.

Öllu verr horfir með árgang 1988. Nánast ekkert efni hefur borist þrátt fyrir góð orð og vilyrði frá ýmsum stöðum. Það þýðir einfaldlega annað af tvennu, Jökull 1988 kemur ekki út á þessum áratug eða menn verða að láta sér lynda 10-20 síðna Jökul. Það er tilgangslítið að ætla að halda úti tímariti eins og Jökli með vönduðu vísindalegu efni ef engir fást til að skrifa. Sama má segja um s.k. félagsefni. Ekkert slíkt efni berst ritstjóra eða ritnefnd. Ég skora því á alla sem hugsanlega eiga í fórum sínum efni til birtingar í Jökli að senda það ritstjóra eða ritnefndarmönnum hið fyrsta.

Undirritaður mun láta af störfum ritstjóra þegar næsta hefti Jökuls kemur út og munu stjórnir félaganna bráðlega tilnefna annan í hans stað. /Ólafur G. Flóvenz